

1905

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 348/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Einarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur án ökuréttinda.
Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1991 að ósk ákærða. Af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar á sakfellingu og ökuleyfisviptingu, en að refsing verði þyngd og staðfest verði, að hún komi til viðbótar óafplánuðum 697 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausn, veittri frá 4. ágúst 1989.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og sýknu af kröfu um ökuleyfisviptingu. Komi til varðhalds, er þess krafist, að skilorð reynslulausnar standi óbreytt og varðhaldið verði skilorðsbundið.

Með hliðsjón af forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Er þá litið til þess, að þegar brot það, sem hér er til meðferðar, er dæmt með eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausn 4. ágúst 1989, vegur það fremur lítið, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt er til þess lítið, að með héraðsdóminum er ökuleyfisvipting áréttuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði. Það athugast að samkvæmt gögnum málsins hefur ferðakostnaður verjanda ákærða í héraði verið lagður við málsvarnarlaun hans í héraðsdómi í stað þess að ákveða eingöngu málsvarnarlaunin. Málsvarnarlaunin eru þannig í raun 30.000 krónur án virðisaukaskatts, og ber að staðfesta það.

1906

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Magnús Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ.m., er höfðað hér fyrir sakdóm-inum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. desember 1990, á hendur Magnúsi Einarssyni, Sóhlíð 26, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjalinu gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum, eins og hér greinir:

„Fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævinlangt bifreiðinni R-2031 frá Keisaranum við Laugaveg í Reykjavík að Njálsgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að grunur léki á, að ökumaður bifreiðarinnar R-2031, sem væri að aka af stað frá veitingastaðnum Keisaranum, Laugavegi 116, væri ölvaður. Lögreglumenn, sem tilkynninguna höfðu fengið, veittu bifreiðinni þegar í stað eftirför vestur Laugaveg og suður Vitastíg og vestur Njálsgötu, þar sem ökumaður stöðvaði bifreiðina við hús nr. 27. Ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, viðurkenndi strax við frumyfirheyrslu hjá lögreglu að hafa ekið nefndri bifreið undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa. Við frekari meðferð málsins, bæði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumanni í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og eins hér fyrir dómi, hefur ákærði afdráttarlaust viðurkennt brot sitt, en eins og síðar greinir, hefur ákærði nokkrum sinnum verið sviptur ökuréttindum og nú síðast með dómi sakadóms Kjósarsýslu, Hafnarfirði, 22. janúar 1988 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hefur ákærði

viðurkennt að hafa gert sér fulla grein fyrir því, þegar akstur hófst, að hann var réttindalaus.

Við frumrannsókn var læknir fenginn til að taka blóð úr ákærða til ákvörðunar á alkóhólmagni, og reyndist samkvæmt vottorði frá rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði sýnið innihalda 2,60‰ af alkóhólmagni.

Með játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum máls þessa telst sannað, að ákærði, Magnús Einarsson, hafi gerst sekur um brot á umferðarlögum með því að aka að kvöldi sunnudagsins 21. október 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-2031 frá veitingastaðnum Keisaranum, Reykjavík, að Njálsgötu. Háttsemi ákærða er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, og er hún þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði, Magnús Einarsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 6. desember 1948, og hefur samkvæmt nýju sakavottorði 19 sinnum allt frá árinu 1966 með dómsátt sæst á sektarrefsingu, í flestum tilfellum vegna ölvunar á almannaferi, en að öðru leyti vegna minni háttar hegningarlagabrota og brota á fíkniefnalöggjöf. Ákærði hefur 19 sinnum allt frá árinu 1967 verið dæmdur til fangelsisrefsingar, í öllum tilfellum fyrir brot á almennum hegningarlögum að undanskildum einum dómi fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Allt frá árinu 1968 hefur ákærði níu sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur, og í fimm tilfellum var einnig um réttindalausán akstur að ræða, en alls hefur ákærði gerst sjö sinnum sekur um réttindalausán akstur.

Af framangreindu sést, að afbrotaferill ákærða er langur og nær allt til ársins 1989. Þótt ferill ákærða að þessu leyti sé hér að framan saman dreginn, þykir rétt að tilgreina hér sérstaklega síðustu þrjú ár afbrotaferilsins:

1986 3/5 Fíkniefnadómur. Sátt: 6.500 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1986 18/12 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mán. f. brot g. 231. og 244. gr. alm. hgl.

1986 22/12 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 8 mán., hegningarauki, f. brot g. 244. og 245. gr. alm. hgl.

1987 3/4 Fíkniefnadómur. Sátt: 9.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1987 7/5 Sakadómur, Rvík. Dómur: Fangelsi 30 daga f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt.

1987 31/8 Fíkniefnadómur. Dómur: Fangelsi 2 ár og 4 mán., 10.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1987 4/12 Dómur Hæstaréttar varðandi, dómana uppkveðna 18.12.'86 og 22.12.'86: 18 mán. fangelsi.

- 1988 22/1 Kjósars., Hafnarfjörður. Dómur: Fangelsi 15 daga f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt.
- 1988 14/7 Sakadómur, Rvík. Dómur: Ekki gerð sérstök refsing f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1988 17/10 Dómur Hæstaréttar, að því er varðar dóm frá 31.8.'87: Fangelsi 2 ár og 4 mán. og 65.000 kr. sekt.
- 1989 4/8 Fangelsismálastofnun ríkisins. Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 697 dögum.“

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er honum var veitt 4. ágúst 1989 á eftirstöðvum refsingar, 697 daga fangelsi. Ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. gr. laga 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., en þau þykja hæfilega ákveðin 39.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi tvö ár.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., 39.000 krónur.